



## Umsögn: Drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands styður þessi drög um aukna kennslu í náttúrufræði og tæknigreinum og telur nauðsynlegt að efla kunnáttu nemenda á þessu fagsviði sem er mikilvæg undirstaða fyrir þróun og velferð samfélagsins næstu áratugina. Þekkingu grunnskólanema hefur farið hrakandi undanfarin ár á sviði náttúrufræði samkvæmt alþjóðlegum PISA könnunum. Með þessari aðgerð er þess vænst að þessari þróun verði snúið við og um leið komi grunnskólanemar betur undirbúnir undir nám í náttúrugreinum í framhaldsskóla.

Hins vegar er engan veginn nægjanlegt að auka einungis tímafjölda í náttúrufræðigreinum til að ná þessu markmiði. Stórt vandamál í grunnskólum í dag er viðvarandi skortur á kennurum sem hafa sérhæft sig í náttúrufræði. Aukinn tímafjöldi mun nýtast í þeim skólum þar sem nóg er af áhugasömum kennurum í náttúrufræði en þar sem skortur er á slíkum kennurum mun þetta átak ekki skila tilætluðum árangri. Því hvetur Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands til þess að jafnframt verði farið í gagngera endurskoðun á kennaranámi í náttúrufræðum og stuðlað að því að auka áhuga á náttúrufræðigreinum í kennaranáminu. Án átaks í menntun náttúrufræðikennara er ólíklegt að þessi breyting á viðmiðunarstundaskrá skili tilætluðum árangri.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

Sigurður Magnús Garðarsson

Sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs